

Nd.

300. Nefndarálit

[52. mál]

um frv. til l. um fjáröflun til lækkunar á byggingarkostnaði.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta á nokkrum fundum og sent það allmörgum aðilum til umsagnar. Svör hafa borizt frá þeim öllum, og leggja eftirtaldir aðilar til, að frumvarpið verði samþykkt með smávægilegum breytingum: Verkfræðingafélag Íslands, Arkitektafélag Íslands, iðnaðardeild atvinnudeildar háskólans og rannsóknaráð ríkisins. Hins vegar telja Iðnaðarmálastofnun Íslands og Húsnæðismálastofnun ríkisins ekki tímabært að samþykkja frumvarpið, þar sem mál þetta sé nú í athugun hjá atvinnumálanefnd ríkisins og rétt sé að bíða tillagna frá þeirri nefnd. Í öllum framangreindum umsögnum kemur vel fram, að mjög nauðsynlegt er talið að veita meira fé til rannsókna og tilraunastarfsemi í byggingariðnaði og eðlilegt sé, að einn aðili fari með yfirstjórn þessara mála, þ. e. a. s. iðnaðardeild atvinnudeildar háskólans.

Í greinargerð með frumvarpi þessu er sýnt fram á, hversu byggingarkostnaður er hér óeðlilega hár miðað við það, sem tíðkast í öðrum löndum. Sérfróðir menn telja, að með skipulögðum rannsóknum og tilraunum í byggingariðnaði og kynningarstarfsemi á niðurstöðum slíkra rannsókna megi stórlækka byggingarkostnaðinn, allt að 20%, að því er sumir þeirra telja.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði til slíkrar rannsóknarstarfsemi 1% álag á fé það, sem lánað er af hálfu hins opinbera til húsabygginga árlega. Ekki verður talið óeðlilegt, að fé þetta sé greitt úr ríkissjóði, ef tekið er tillit til þess, að vegna skatta og tolla ríkisins af byggingarefni og byggingarvinnu hækkar byggingarkostnaður um 20—25%.

Samkv. þessu leggjum við til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 27. jan. 1961.

Jón Skaftason,  
frsm.

Hannibal Valdimarsson.